



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir tímabundna mengandi starfsemi innan  
fjarsvæðis vatnsverndar

**Orkuveita Reykjavíkur**

kt. 5512983029

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

## 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur 3,3 KW díselrafstöðvar með 200 l olíugeymi sem knýr sjálfvirkan radar fyrir fuglarannsóknir innan fjarsvæðis vatnsverndar fyrir vatnsból Orkuveitu Reykjavíkur í Engidal. Díselrafstöðin verður í lokuðum gámi með lekavörn og flotrofum í lekavörn og á gólfi sem vakta mögulegan olíuleka. Stöðin verður staðsett á svæði við Dyrveg sunnan Nesjavallavegar á sunnanverðri Mosfellsheiði innan sveitarfélagsins Ölfus.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um um úrbætur.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- 1.5 Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins er varðað getur ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.



Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láds eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Skal rekstraraðili sækja um starfsleyfi að nýju ef halda á rekstrinum áfram undir nýrri kennitölu eða á nýjum stað. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfstjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. UMHVERFI OG MENGUNARVARNIR, MEÐFERÐ EFNA OG ÚRGANGS**

- 2.1 Við uppsetningu díselrafstöðvar skal þess gætt að valda sem minnstu raski á landi. Aðflutt efni sem starfsleyfishafi notar í vegabætur eða gerð vegslóða vegna framkvæmdarinnar skal sækja í námur sem hafa gilt starfsleyfi.
- 2.2 Starfsleyfishafa er skylt að ganga þannig frá tímabundnum framkvæmdasvæðum eftir að rafstöð hefur verið fjarlægð að þau séu færð sem næst upprunalegu ástandi og að þau verði ekki til varanlegra lýta í umhverfinu.

### **Mengunarvarnir**

- 2.3 Starfsleyfishafi skal tryggja öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir við rekstur rafstöðvarinnar. Skal rafstöðin þannig staðsett að ekki geti orðið sjálfrennsli frá olúgeymi hennar þegar hún er ekki í notkun. Gæta skal sérstakrar varúðar við alla meðferð olíu og efna sem geta valdið mengun í neysluvatni, þ.m.t. áfyllingar eldsneytis.
- 2.4 Óheimilt er að geyma meira magn eldsneytis innan vatnsverndarsvæðis en sem nemur því sem geymir rafstöðvarinnar tekur.
- 2.5 Búnaður og/eða vélar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru búin vökvabúnaði sem inniheldur olíur skal yfirfara og lekaskoða áður en farið er inn á fjarsvæði vatnsverndar og síðan reglulega á meðan búnaðurinn og/eða tækin eru í notkun innan vatnsverndarsvæðisins.
- 2.6 Starfsleyfishafi skal setja sér áætlun um viðbrögð við mengunaróhöppum. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Ef um



er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er.

- 2.7 Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa.
- 2.8 Allar vélar og tæki skal flytja af vatnsverndarsvæðum til viðhalds og viðgerða. Aðeins allra brýnustu aðgerðir til að forða tjóni á vélum og tækjum og/eða mengun umhverfis og/eða neysluvatns mega fara fram innan skilgreindrar vatnsverndar.
- 2.9 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

#### **Hávaði**

- 2.10 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

#### **Loftmengun**

- 2.11 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá starfseminni eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnbúnaði.

#### **Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir**

- 2.12 Um meðferð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013 m.s.br.

#### **Meðferð efna**

- 2.13 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 2.14 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 2.15 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 2.16 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

#### **Úrgangur**

- 2.17 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um



spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.

- 2.18 Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 2.19 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.

### **3. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA**

- 3.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
  - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
  - tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
  - skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.
- Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.
- 3.2 Tilkyнна skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill, sbr. gr. 2.3.

### **4. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA**

- 4.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tveggja ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 4.2 Starfsleyfishafi greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, dd. mm 20xx

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

\_\_\_\_\_  
XYZ,  
heilbrigðisfulltrúi